

**Persónuverndarstefna Contour appsins,
ENDURSK. 1.0**

Efnisyfirlit

Contour Diabetes app Persónuverndarstefna.....	4
Inngangur.....	4
Að nota Contour appið.....	4
Að stofna Contour Cloud reikning.....	4
Stjórn sykursýki.....	5
Sending og afhending persónuupplýsinga.....	5
Ástæður fyrir úrvinnslu á persónuupplýsingum þínum.....	6
Markaðssetning.....	7
Að deila persónuupplýsingum þínum.....	8
Að nota Contour appið til að senda skýrslur.....	8
Mín mynstur.....	9
Tengingar við öpp þriðja aðila.....	9
Að geyma persónuupplýsingar þínar.....	9
Að vernda persónuupplýsingar þínar.....	10
Vafrakökur og álíka tækni.....	10
Notkun á vafrakökum.....	10
Hvernig við notum þessa tækni.....	11
Val þitt.....	11
Ekki vakta.....	11

Gagnageymsla.....	11
Eyðing á Contour Cloud reikningi.....	11
Að neyta réttar þíns.....	12
Íbúar á evrópska efnahagssvæðinu (EES), Bretlandi eða Sviss:.....	12
Íbúar Alþýðulýðveldisins Kína, Taívan, Hong Kong, Indónesíu, Suður-Kóreu og Malasíu:.....	13
Íbúar í Kaliforníu:.....	13
Börn.....	13
Breytingar á þessari persónuverndarstefnu.....	14
Hafðu samband.....	14

Contour Diabetes app Persónuverndarstefna

Gildisdagsetning: Febrúar 2021, ENDURSK. 1.0 (v821976)

Inngangur

Vernd og öryggi persónuupplýsinga þinna skiptir Ascensia miklu máli. Við vitum að þér er annt um persónuupplýsingar þínar og hvernig þær eru notaðar og við viljum að þú getir treyst því að Ascensia noti persónuupplýsingar þínar af gætni. Þessi persónuverndarstefna mun hjálpa þér að skilja hvaða persónuupplýsinga við öflum, hvers vegna við öflum þeirra og hvað við gerum við þær. Þessi persónuverndarstefna, ásamt samningnum fyrir endanlega notendur, gildir um notkun þína á Contour Diabetes app.

Contour Diabetes app er undir umsjón **Ascensia Diabetes Care Holdings AG** („Ascensia“, „við“ eða „okkur“), með höfustöðvar við Peter Merian-Strasse 90, 4052 Basel, Sviss. Ascensia er umsjónaraðili persónuupplýsinga þinna sem unnið er með í gegnum Contour Diabetes app.

Contour Diabetes app er örugg þjónusta í skýinu fyrir stjórn á sykursýki sem er hluti af vörusafni Ascensia Diabetes Care fyrir vörur og þjónustu til stjórnunar á sykursýki. Contour Diabetes app er samhæft við vörusafn Ascensia af blóðsykursmælum (snúrutengdum mælum) og öðrum tækjum með Bluetooth (þráðlausum BLE-tengdum mælum) eða öðrum vörum sem útnefndar eru sem samhæfar við Contour Diabetes app.

Íbúar á evrópska efnahagssvæðinu, Bretlandi og Sviss: Ascensia reiðir sig á lagalegan grunn samþykkis á úrvinnslu á heilsutengdum upplýsingum í því skyni að veita þér Contour Diabetes app og Contour Cloud reikninginn. Þú getur dregið samþykki þitt til baka hvenær sem er með því að nota valmöguleikann „Eyða reikningi“ í Contour appinu.

Vinsamlegast lestu þessa persónuverndarstefnu áður en þú samþykkir að stofna Contour Cloud reikning.

Að nota Contour appið

Þú verður að stofna Contour Cloud reikning til að nota Contour appið. Þegar þú stofnar reikning verður þú beðin(n) um að velja land þitt og tungumál þannig að við getum veitt þér rétta útgáfu af þessari persónuverndarstefnu og samningnum fyrir endanlega notendur. Þú verður einnig beðin(n) um að samþykkja ákvæði og skilmála samningsins áður en þú getur notað Contour appið.

Að stofna Contour Cloud reikning

Þegar þú hefur lokið skráningu þinni fyrir Contour Cloud reikningi verða persónuupplýsingar þínar afritaðar í skýið. Þú munt geta sótt gögnin sem geymd eru á Contour Cloud reikningnum, þar á meðal blóðsykursmælingar þínar, á mörgum tækjum. Ef þú stofnar Contour Cloud reikning gerir það þeim tengda Contour mæli sem þú parar við Contour appið kleift að samstillu upplýsingar og stillingar, eins og markbil.

Þegar þú stofnar Contour Cloud reikning verður þú beðin(n) um að samþykkja úrvinnslu á heilsutengdum upplýsingum þínum eins og lýst er í þessari persónuverndarstefnu. Þú getur afturkallað samþykki þitt hvenær sem er með því að eyða reikningi þínum (sjáðu „Eyðing Contour Cloud reiknings“ að neðan). Vinsamlegast ekki stofna Contour Cloud reikning ef þú vilt ekki að við vinnum úr heilsutengdum upplýsingum þínum.

Stjórn sykursýki

Þjónusta Contour appsins og Contour Cloud er hugsuð til að hjálpa þér að hafa stjórn á sykursýki þinni með sjálfvirkri samstillingu og skráningu á blóðglúkósaniðurstöðum þínum svo þú getir öðlast skilning á því hvernig virkni þín hefur áhrif á þær. Contour appið og Contour Cloud reikningurinn krefjast þráðlauss nets og/eða gagnatengingar til að samstillast og sækja blóðglúkósaniðurstöður (BG) þínar í gegnum snjallsíma. Þjónusta Contour appsins og Contour Cloud einfaldar stjórnun á sykursýki þinni en þjónustan kemur ekki í stað læknisfræðilegra ráðlegginga. Ascensia mælir með að þú leitir reglulega ráðlegginga frá þínum veitanda heilbrigðisþjónustu varðandi sykursýki þína. Ascensia veitir notendum ekki læknisfræðilegar ráðleggingar. Við mælum með að þú hafir samband við þinn veitanda heilbrigðisþjónustu eða neyðarþjónustu á staðnum ef þig grunar að neyðarástand sé að koma upp. Meðlimum þjónustuteymis okkar er ekki heimilt að veita læknisfræðilegar ráðleggingar er lúta að efni, merkingu eða mögulegum afleiðingum nokkurra blóðglúkósaniðurstaðna sem hlaðið er upp í Contour appið eða Contour Cloud reikninginn.

Sending og afhending persónuupplýsinga

Ascensia mun vinna með persónuupplýsingar þínar þegar þú vinnur með þær á eftirfarandi hátt:

- **Skráning á Contour Cloud reikning og prófilupplýsingar:** Þegar þú stofnar Contour Cloud reikning verða eftirfarandi upplýsingar geymdar: nafn þitt, kyn, netfang, fæðingardagur, land, sannvottunarupplýsingar og aðrar skráningarupplýsingar, þar á meðal það aðgangsorð sem þú velur fyrir Contour Cloud reikning. Þegar notandi er undir lögaldri biðjum við um og öflum netfangs foreldris/forráðamanns til sannvottunar. Nota má Contour appið til að afla upplýsinga um stjórn á sykursýki þinni, heilsufarsástand og tengda Contour mælinn þinn. Þar á meðal gæti verið gerð sykursýki þínar, lyfjagjöf, insúlín, fæðuinntaka og reglubundin hreyfing, heimilisfang sjúkrahúss og tímar hjá lækni, skýrslur frá heilbrigðisstarfsmönnum, blóðsykursmælingar, A1c gögn og tegundarnúmer, raðnúmer og stilling mælis.
- **Aðgangur að kerfisþjónustu fartækis:** Það fer eftir stýrikerfi fartækis þíns, en Contour appið gæti sjálfkrafa haft aðgang að, eða þú verið beðin(n) um að veita aðgang að, ákveðinni kerfisþjónustu í tæki þínu, eins og myndavél, myndum og lista yfir tengiliði. Aðgangur að þessari kerfisþjónustu gerir Contour appinu kleift að starfa rétt og leiðir ekki til þess að Ascensia hafi aðgang að, safni eða geymi neinar upplýsingar sem tengjast slíkri kerfisþjónustu. Þú getur stýrt aðgangi Contour appsins að þessari kerfisþjónustu í stillingum fartækisins/Contour appsins.
- **Neyðartengiliður:** Þú getur valið að hafa upplýsingar um neyðartengilið sem þú vilt að haft verði samband við komi til neyðarástands. Upplýsingarnar um neyðartengilið þinn eru aðeins geymdar í snjallsímanum þínum og við söfnum þeim ekki né geymum þær á Contour Cloud reikningi þínum.
- **Þjónustuver:** Ef þú hefur samband við okkur varðandi Contour appið, Contour Cloud reikning þinn eða af öðrum ástæðum er tengjast þjónustuveri, munum við skrá þau samskipti. Þú gætir veitt okkur persónuupplýsingar með því að fylla út eyðublöð með tölvupósti sem eru hluti af pöntun á vörum eða þjónustu, þar sem þú ert með fyrirspurnir eða beiðnir eða þegar þú tilkynnir um vandamál varðandi Contour appið og við svipaðar aðstæður þar sem þú velur að veita okkur upplýsingar.
- **Upplýsingar um tæki og notkun:** Þegar þú notar Contour appið munum við sjálfkrafa fá tæknilegar upplýsingar, þar á meðal um gerð þess fartækis sem þú notar, einkvæmt auðkenni (eins og IMEI-tölu tækisins, MAC-fang fyrir þráðlaust netviðmót tækisins eða farsímanúmerið sem tækið notar), upplýsingar um farsímakerfi, stýrikerfi þitt og númer hugbúnaðarútgáfu, IP-tölu, gerð vefvafrans sem þú notar, lands- og tungumálakóða og tímabeltistillingar. Við munum einnig afla upplýsinga um notkun þína á Contour appinu, eins og allar mælisvillur, skráningarfærslur og stjórnunargögn svo við getum tryggt snurðulausa starfsemi Contour appsins.
- **Vafrakökur og álíka tækni:** Við gætum notað vafrakökur og álíka tækni til að afla upplýsinga um samskipti þín við ákveðna þjónustu sem er gerð aðgengileg í gegnum Contour appið og önnur vefsvæði og forrit. Sjáðu hlutann „Vafrakökur og álíka tækni“ að neðan til að fá að vita meira um tæknina sem við notum, hvers vegna við notum hana og þá valkosti sem þú hefur.
- **Upplýsingar um landfræðilega staðsetningu:** Þegar þú samþykkir og hefur kveikt á staðsetningarþjónustu á meðan á skráningarferli fyrir Contour appið stendur munum við afla upplýsinga um nákvæma eða áætlaða

staðsetningu þína út frá upplýsingum sem fengnar eru úr fartækinu þínu. Við biðjum um samþykki þitt fyrir þessari öflun meðan á skráningarferli appsins stendur. Þú getur dregið samþykki þitt fyrir öflun okkar á upplýsingum um staðsetningu þína til baka hvenær sem er með því að slökkva á staðsetningarþjónustunni í stillingarvalmynd tækisins. Ascensia gæti aflað þessara upplýsinga þegar þú ert ekki að nota Contour appið ef þú hefur virkjað notkun á staðsetningu í stillingum tækisins frekar en í gegnum stillingar Contour appsins. Við notum þessar upplýsingar til að bæta vörur okkar og þjónustu, þar á meðal til að skilgreina dreifingu á Ascensia mælum. Ef þú ert undir lögaldri munum við leita eftir samþykki foreldris/forráðamanns þíns fyrir öflun á staðsetningarupplýsingum þínum, eins og er lýst frekar í hlutanum „Börn“ hér að neðan.

- **Notendur iOS:** Þegar þú veitir Ascensia aðgang að Health appinu frá Apple Inc. („Apple“) á tæki þínu, þar á meðal aðgang að gagnagrunni Health appsins frá Apple, „HealthKit“, munum við deila persónuupplýsingum þínum og heilsugögnnum, í þeim tilgangi að efla og/eda staðfesta gögnin sem unnið er með í Contour appinu. Umfang persónuupplýsinga og heilsugagna sem er deilt er breytilegt eftir því hvað þú velur. Ascensia mun ekki nota eða birta þriðju aðilum notendagögn sem aflað er frá HealthKit í auglýsingaskyni eða í öðrum notkunartengdum vefnámsstillingum en að bæta heilsu. Sjáðu hlutann „Tengingar við öpp frá þriðja aðila“ til að fá frekari upplýsingar.

Ástæður fyrir úrvinnslu á persónuupplýsingum þínum

Við vinnum með persónuupplýsingar þínar, þar á meðal heilsutengdar upplýsingar, á eftirfarandi hátt:

- gegn samþykki þínu, til að láta þér í té Contour appið og þjónustu þar að lútandi, virkni þess og að tilkynna þér um allar breytingar
 - til að gera þér kleift að senda skýrslur yfir blóðsykur þinn, eins og lýst er í hlutanum „Að nota Contour appið til að senda skýrslur“ hér að neðan
 - til að tengjast öðrum öppum, þar sem það býðst, eins og lýst er í hlutanum „Tengingar við öpp frá þriðja aðila“ hér að neðan
 - til að skilja staðsetningarnar þar sem Contour appið og mælar okkar eru notaðir til að stuðla að úrbótum á vörum okkar og þjónustu, þar á meðal í tengslum við aðferðir okkar við staðsetningu á mælum
 - til að veita þér upplýsingar um prófanir og mælingar þínar á glúkósa til að hjálpa þér að skilja mynstur og leitni í tengslum við sykursýki þína, þannig að þú getir haft betri stjórn á sykursýkinni, tilkynningar fyrir „Mín mynstur“ og tengda virkni og stillingar
 - til að gera þér kleift að taka þátt í gagnvirkum eiginleikum Contour appsins, þegar þú kýst að gera það
 - til að veita þér skýjaþjónustu ef þú kýst að setja upp Contour Cloud reikning
 - til að bregðast við öllum beiðnum sem við fáum mögulega frá þér, eins og beiðnum um stuðning við Contour appið eða Contour Cloud reikninginn
 - ef þú ert foreldri eða forráðamaður, til að gera þér kleift að stofna Contour Cloud reikning fyrir barnið þitt og til að gera þér kleift að stjórna notkun þess á Contour Cloud reikningnum.
- í tilgangi sem tengist lýðheilsu sem tengist lækningatækjum, til að framkvæma rannsóknir og vegna lögmætra viðskiptatengdra hagsmuna í tölfræðilegum tilgangi til að
 - halda áfram að þróa, prófa og bæta Contour appið og Contour Cloud þjónustu, þar á meðal að bjóða nýja virkni og eiginleika
 - skilja betur hvernig þú hefur samskipti við Contour appið, þar á meðal virkni þess og eiginleika, sem og að tryggja að innihald þess sé sett fram á sem skilvirkastan máta
 - hjálpa okkur að ráða bót á öllum vandamálum er lúta að Contour appinu eða Contour Cloud þjónustu, þar á meðal þegar við svörum spurningum þínum eða bregðumst við beiðnum þínum um stuðning, viðhald, úrræðaleit eða öðrum vandamálum við starfrækslu
 - framkvæma gagnagreiningu, prófanir og rannsóknir, þar á meðal í tölfræðilegum tilgangi
 - þróa og útfæra öryggistól og ferla sem hluti af viðleitni okkar til að halda Contour appinu öruggu og tryggu
 - gefa út öryggistilkynningar eða ráðast í leiðrétandi aðgerðir í tengslum við Contour appið, mæla okkar eða Contour Cloud reikning þinn, hvenær sem þörf krefur.
- vegna lögmætra viðskiptatengdra hagsmuna í tengslum við beina markaðssetningu og þar sem nauðsyn krefur, samþykki fyrir að:

- bjóða þér að taka þátt í könnunum eða viðhorfshópum eða öðrum kynningar- eða markaðstengdum aðgerðum í tengslum við starfrækslu og notkun þína á Contour appinu, Contour Cloud reikningi þínum eða sem lúta að vörum okkar og þjónustu, þar á meðal í samráði við valda þriðju aðila
- mæla og skilja áhrifamátt auglýsinga sem við mögulega birtum og til að birta viðeigandi auglýsingar
- gera tillögur og gefa ráðleggingar um vörur eða þjónustu sem gætu vakið áhuga þinn, þar á meðal að taka á móti slíkum upplýsingum frá Ascensia fyrirtæki á þínu svæði, eins og lýst er í hlutanum „Markaðssetning“ hér að neðan.
- Þar sem þess er krafist af lögum, þar á meðal lagalegum kröfum í tengslum við öryggi lækningatækja.

Vegna almannahagsmuna á sviði lýðheilsu í tengslum við lækningatæki, til að framkvæma vísindalegar rannsóknir og/eða vegna lögmætra viðskiptatengdra hagsmuna okkar, gæti Ascensia notað, greint og afhent tölfraðilegar, uppsafnaðar, nafnlausar eða brenglaðar/gerviauðkenndar upplýsingar (það eru upplýsingar sem Ascensia getur ekki auðkennt þig eftir og ekki er hægt að nota til að bera kennsl á þig): samstarfsaðilum Ascensia á þínu svæði, utanaðkomandi rannsóknaraðilum eða opinberum eða stjórnsýslulegum yfirvöldum sem hafa yfirumsjón með lækningatækjum og/eða landsyfirvöldum sem bera ábyrgð á sjúkratryggingum og fjárveitingum. Við gerum þetta til að:

- skera úr um og bæta skilvirkni aðferða við stjórnun á sykursýki, meðferð, meðhöndlun og kostnaði,
- rannsaka og meta hvernig Contour appið og þjónusta við Contour Cloud reikninga er veitt og notuð, þar á meðal í tengslum við markaðsáætlanir,
- meta afköst, áhrif og reynslu notenda af Contour appinu og Contour Cloud reikningum (þar á meðal á grundvelli lýðfræðibreyta notenda, eins og landafræði),
- meta afköst og viðmót Contour appsins við blóðsykursmæla,
- efla virkni og eiginleika Contour appsins og þjónustu við Contour Cloud reikninga,
- prófa og sannvotta uppfærslur og úrbætur á Contour appinu, þar á meðal í tengslum við lækningatæki okkar, eins og sykursýkimæla og prófunarstrimla,
- fyrir rekstrar- og viðskiptaáætlanir Ascensia til rannsókna og þróunar, dreifingar og skilvirkni viðskipta og reksturs, og
- fyrir vísindalegar rannsóknir, tölfraðilegur tilgangur og greining, í tengslum við sykursýki, þar á meðal að gefa út vísindalegar greinar í læknisfræðilegum og/eða ritrýndum útgáfum og tímaritum.

Vegna almannahagsmuna á sviði lýðheilsu í tengslum við lækningatæki og/eða vegna lögmætra viðskiptatengdra hagsmuna okkar, gæti Ascensia einnig aflað og notað tæknilegar upplýsingar um snjallsíma þinn, fartæki og tengdan hugbúnað, vélbúnað og jaðartæki sem eru nettengd eða þráðlaus til að bæta vörur okkar og þjónustu og til að veita þér ýmsa virkni Contour appsins.

MEÐ ÞVÍ AÐ STOFNA CONTOUR CLOUD REIKNING FELLST ÞÚ Á AÐ ÞÚ SAMÞYKKIR ÚRVINNSLU Á VIÐKVÆMUM HEILSUTENGDUM UPPLÝSINGUM ÞÍNUM EINS OG LÝST ER Í ÞESSARI STEFNU.

Markaðssetning

Við höfum mögulega samband við þig til að upplýsa þig um vörur og þjónustu sem við teljum að þú hafir áhuga á eða eru svipaðar þeim sem þú hefur þegar keypt eða spurt um. Ascensia fyrirtæki á svæðinu, dreifingaraðili á vörum frá Ascensia eða einn af völdum samstarfsaðilum okkar gæti einnig haft samband við þig, í hverju tilviki fyrir sig þar sem þú hefur samþykkt að fá þess háttar samskipti.

Þú getur afþakkað móttöku á slíkum markaðssamskiptum hvenær sem er með því að hafa samband við þjónustuver á <http://contact.ascensia.com> eða með því að nota hlekkinn til að segja þig úr áskrift sem er að finna í öllum okkar samskiptum.

Við munum áfram hafa samskipti við þig í ómarkaðstengdum tilgangi þegar við þurfum að senda þér upplýsingar um Contour appið, Contour Cloud reikninginn þinn eða þegar við þurfum að ráðast í leiðréttandi aðgerðir eða öryggis tilkynningar. Við gætum sent þér upplýsingar í gegnum tilkynningar, áminningar eða viðvaranir í Contour appinu til að upplýsa þig um nýja þróun. Þú getur stjórnað sjálfvirkum tilkynningum í stillingum fartækis þíns.

Að deila persónuupplýsingum þínum

Við leigjum ekki né seljum neinum persónuupplýsingar þínar. Ascensia gæti deilt upplýsingum með:

- Þriðju aðilum sem þú segir okkur að deila upplýsingum þínum með,
- Ascensia fyrirtæki á þínu svæði og Ascensia Diabetes Care US Inc. í tilgangi sem er í samræmi við þessa persónuverndarstefnu. Upplýsingar um Ascensia fyrirtæki á þínu svæði er að finna á vefsvæði okkar á <http://diabetes.ascensia.com/en/contact-us>,
- Þjónustuaðilum okkar í þróun, ráðstöfun, úrræðaleit eða úrbótum sem tengjast stuðningi, prófunum og viðhaldi á Contour appinu, Contour Cloud þjónustu eða tengdri þjónustu sem boðin er í gegnum Contour appið, sem annast upplýsingaúrvinnslu fyrir okkur, samkvæmt okkar fyrirmælum og í samræmi við þessa persónuverndarstefnu og allar aðrar viðeigandi trúnaðar- og öryggisráðstafanir,
- dreifingaraðilum á okkar vörum, ef þú hefur búsetu í landi þar sem við notumst við dreifingaraðila,
- völdum samstarfsaðilum okkar þar sem þú hefur valið að taka þátt í könnunum, keppnum, viðhorfshópum eða öðrum markaðstengdum aðgerðum í tengslum við notkun þína á vörum okkar og þjónustu. Þriðju aðilar munu nota upplýsingarnar sem við veitum þeim, ásamt öllum öðrum upplýsingum sem þú veitir við skráningu þína, beiðni eða þátttöku, í því skyni að (i) tilkynna þér ef þú hefur unnið til verðlauna í keppni eða happdrætti og (ii) uppfylla eða auðvelda framfylgd á beiðnum um vörur eða þjónustu sem þú gætir lagt fram í tengslum við skráningu þína, beiðni eða þátttöku. Þessir þriðju aðilar eru samningsbundnir til að halda trúnað um allar slíkar upplýsingar og aðeins að nota þær í þeim tilgangi sem þær voru veittar, eða
- mögulegum seljanda eða kaupanda við sölu eða kaup á einhverjum rekstri Ascensia eða eignum svo að kaupandinn geti áfram veitt þér upplýsingar og þjónustu.

Við gætum deilt persónuupplýsingum með dreifingaraðilum, samstarfsaðilum eða þjónustuaðilum, þar á meðal í markaðslegum tilgangi eða þegar þú hefur valið að deila persónuupplýsingum þínum í gegnum ýmsa eiginleika og virkni sem veitt er í gegnum Contour appið. Í hverju tilviki fyrir sig munum við aðeins deila persónuupplýsingum þínum með þriðju aðilum svo við getum veitt, viðhaldið, hýst og stutt við Contour appið og Contour Cloud reikninga.

Við gætum afhent persónuupplýsingar þínar þar sem þess er krafist til að bregðast við beiðnum frá opinberum yfirvöldum eða þar sem þess er krafist af lögum, þar á meðal vegna þjóðaröryggis. Þar sem þess er krafist af lögum gætum við einnig afhent persónuupplýsingar þínar þegar það er nauðsynlegt til að framfylgja eða beita EULA-samningi okkar, þessari persónuverndarstefnu eða öðrum samningum, til að rannsaka eða vernda réttindi, eignir eða öryggi Ascensia og samsteypuvirkja okkar, vörur okkar og þjónustu, viðskiptavini okkar, dreifingar- eða samstarfsaðila eða til að koma í veg fyrir eða grípa til aðgerða vegna ólöglegs athæfis eða svika, aðstæðna sem fela í sér mögulega ógn gagnvart öryggi einstaklings eða sem gögn í málsókn. Persónuupplýsingar þínar gætu heyrt undir erlend lög og gætu verið aðgengilegar erlendum ríkisstjórnunum, dómstólum, löggæslu og stjórnsýslustofnunum.

Að nota Contour appið til að senda skýrslur

Contour appið getur gert þér kleift að stofna blóðsykursskýrslu samkvæmt þeim upplýsingum sem geymdar eru á Contour Cloud reikningi þínum. Þú getur notað virkni Contour appsins til að senda skýrslu með tölvupósti til utanaðkomandi aðila, eins og lækni, heilbrigðisþjónustu eða annarra. Ef þú kýst að deila persónuupplýsingum þínum með einhverjum, vinsamlegast sýndu gætni og gakkstu úr skugga um að persónuupplýsingum þínum sé aðeins deilt með tilætluðum einstaklingum.

Vinsamlegast athugaðu að öll deiling á persónuupplýsingum þínum er alfarið þín eigin áhætta og Ascensia ber ekki ábyrgð á öryggi eða vernd þeirra upplýsinga sem þú kýst að senda til annarra í gegnum Contour appið. Vinsamlegast athugaðu að það er áhætta fólgin í því að deila upplýsingum á internetinu, t.d. geta utanaðkomandi aðilar komist yfir þær í leyfisleysi. Við mælum með að þú sýnir ýtrustu gætni þegar þú ákveður hverjum þú deilir persónuupplýsingum þínum með.

Mín mynstur

Contour appið getur gert þér kleift að taka á móti upplýsingum um ýmis blóðsykursmynstur og talnagögn sem gefa þér betri stjórn á sykursýki þinni. Þessi mynstur tengjast háu og/eða lágu blóðsykursmagni, samkvæmt tíma dags, máltíðarmerkingum eða vikudögum. Virknin „Mín mynstur“ greinir mynstur í glúkósamælingum þínum og getur lagt til breytingar til að bæta tíma mælinga eða tíðni.

Með þessari virkni er hægt að setja upp áminningar í Contour appinu um hvenær á að mæla eða endurmæla blóðsykursmagn eða fylgja tenglum á gagnlegar upplýsingar svo þú getir haft betri stjórn á sykursýkinni.

Tengingar við öpp þriðja aðila

Contour appið getur gert þér kleift að tengjast fartækjaforritum sem þriðju aðilar bjóða upp á („app þriðja aðila“). Ef þú kýst að tengjast appi þriðja aðila verður þú beðin(n) um samþykki fyrir því að deila þeim persónuupplýsingum sem geymdar eru á reikningi þínum í skýinu, sem geta innihaldið heilsutengdar upplýsingar. Persónuupplýsingum þínum verður aðeins deilt með appi þriðja aðila þegar þú segir okkur að framkvæma þá tengingu. Umfang þeirra persónuupplýsinga sem deilt er með þriðja aðila getur verið mismunandi eftir appi þriðja aðila og vali þínu og getur innihaldið gildi úr blóðsykursmælingum, dagsetningar og tíma mælinga, markbil blóðglúkósa eftir máltíðarmerkingu, máltíðarmerkingar þínar og gerð máltíðar, virkni þína, lyfjagjöf þína og hvort mælingin hafi verið framkvæmd í gegnum mælinn eða handvirkt.

Listann yfir þau öpp þriðja aðila sem þér býðst að tengjast sjálfviljug(ur) er að finna í Stillingar > Tengingar apps. Virknin Tengingar apps útlistar öll öpp þriðja aðila sem þú hefur kosið að tengjast og einnig þau öpp þriðja aðila sem þú getur valið að tengjast. Þú getur afturkallað samþykki þitt fyrir því að deila persónuupplýsingum þínum með appi þriðja aðila hvenær sem er með því að smella á táknið fyrir tengt app þriðja aðila og velja að aftengjast.

Vinsamlegast athugaðu að ef þú kýst að stofna tengingu við app þriðja aðila verður unnið með þær persónuupplýsingar sem þú deilir í samræmi við, og samkvæmt, ákvæðum og skilmálum persónuverndarstefnu þess þriðja aðila. Ascensia ber enga ábyrgð né skaðabótaskyldu vegna þessara reglna. Vinsamlegast kynntu þér þessar reglur áður en þú tengist appi þriðja aðila.

Að geyma persónuupplýsingar þínar

Persónuupplýsingar þínar á Contour Cloud reikningi þínum geta verið geymdar og unnið með þær á netþjónum sem staðsettir eru í svæðisaðstöðu okkar, einnig geta upplýsingar verið hýstar hjá einum af þjónustuaðilum okkar. Við kappkostum að geyma persónuupplýsingar þínar innan þess svæðis sem þú hefur búsetu á, en við gætum flutt persónuupplýsingar þínar út fyrir búsetuland þitt, þar á meðal til Bandaríkjanna, sem geta haft aðrar reglur um friðhelgi eða gagnavernd en þær sem gilda í þínu landi, í því skyni að veita þér stuðning og tækniþjónustu vegna Contour Cloud reiknings þíns.

Ef þú býrð í landi þar sem lög um staðsetningu gagna gilda verða persónuupplýsingar þínar geymdar á netþjónum sem staðsettir eru innan þíns lands hjá skýjaþjónustuaðilum okkar sem eru gagnavinnsluaðilar í hýsingu á Contour Cloud reikningum.

Við höfum innleitt viðeigandi öryggisráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar þínar þegar þær eru fluttar, þar á meðal með því að gera samninga um gagnaflutning við viðtakendur upplýsinganna. Viljir þú afrit af þessum samningum, vinsamlegast hafðu samband við Ascensia með tölvupósti á privacy@ascensia.com or by mail at Ascensia Diabetes Care Holdings AG, Peter Merian-Strasse 90, 4052 Basel, Sviss. Við munum meðhöndla allar beiðnir samkvæmt öllum staðbundnum lögum og stefnum og verkferlum okkar.

Að vernda persónuupplýsingar þínar

Ascensia innleiðir viðeigandi stjórnunarlegar, tæknilegar og raunlægar öryggisráðstafanir til að vernda trúnað, heilleika og framboð á persónuupplýsingum þínum. Við munum notast við stranga verkferla og öryggisvirkni, þar á meðal dulmálstækni og grípa til allra sanngjarnra ráðstafana sem nauðsynlegar eru til að tryggja að úrvinnsla á persónuupplýsingum þínum sé örugg og í samræmi við þessa persónuverndarstefnu.

Þú berð ábyrgð á að verjast óleyfilegum aðgangi að Contour Diabetes app og Contour Cloud reikningi þínum. Ascensia mælir með að þú notist við öflugt aðgangsorðsöryggi, með því að nota blöndu stafa, talna og tákna og annað aðgangsorð fyrir Contour Cloud reikninginn en þú notar fyrir aðra reikninga sem þú kannt að eiga. Þú verður að halda upplýsingum um aðgangsorð að reikningi þínum leyndum og ekki deila þeim með neinum. Ascensia ber ekki ábyrgð á neinum aðgangsorðum sem hafa tapast, verið stolið eða stofnað í hættu eða á neinum aðgangi að Contour Cloud reikningi þínum hjá óleyfilegum notendum þegar orsökina er að finna hjá þér. Teljir þú að reikningi þínum hafi verið stofnað í hættu, vinsamlegast hafðu samband við okkur eins fljótt og auðið er. Til að fá samband við þjónustuver, vinsamlegast farðu á <http://contact.ascensia.com>

Vinsamlegast athugaðu að sending upplýsinga á internetinu er ekki fyllilega örugg. Þrátt fyrir að Ascensia geri sitt besta til að vernda persónuupplýsingar þínar getum við ekki ábyrgst öryggi þeirra upplýsinga sem sendar eru í Contour appið og allar sendingar eru á þína eigin áhættu.

Vafrakökur og álíka tækni

Við notum mögulega upplýsingaöflun og rakningartækni fyrir ákveðna þjónustu og virkni sem þér er gerð aðgengileg í gegnum Contour Diabetes app til að muna atriði varðandi þig þannig að við getum veitt þér betri upplifun. Hér að neðan má finna upplýsingar um þá tækni sem við notum mögulega við sjálfvirka upplýsingaöflun, hvers vegna við notum hana og valkosti þína.

Notkun á vafrakökum

Vafrakökur eru litlar gagnaskrár sem geymdar eru í vafra þínum eða tæki. Þær eru hugsaðar til að muna það sem notandi hefur áður gert á tiltekinni vefsíðu, sem getur verið að skrá sig inn eða smella á hlekki.

Aðilinn sem starfrækir vefsíðuna sem þú ert að heimsækja getur stillt vafrakökur („vafrakökur fyrsta aðila“) eða önnur fyrirtæki („vafrakökur þriðja aðila“). Þar sem við á notum við eftirfarandi vafrakökur til að afla upplýsinga um samskipti þín við ákveðna þjónustu, önnur vefsvæði og öpp.

- **Bráðnauðsynlegar vafrakökur:** Nauðsynlegar fyrir starfrækslu ákveðinna vefsvæða sem aðgengileg eru í gegnum Contour Diabetes app. Þar á meðal eru til dæmis vafrakökur sem gera þér kleift að skrá þig inn á örugg svæði vefappsins, til að vafra um vefsvæðið og nota virkni þess.
- **Vafrakökur fyrir greiningu/afköst:** Gerir Ascensia kleift að þekkja og telja fjölda gesta og sjá hvernig gestir vafra um ákveðnar vefsíður sem aðgengilegar eru í gegnum Contour Diabetes app. Þetta hjálpar okkur að bæta vinnslu slíkra vefsvæða, til dæmis með því að tryggja að notendur eigi auðvelt með að finna það sem þeir leita að.
- **Virknivafrakökur:** Þessar vafrakökur þekkja þig þegar þú kemur aftur í vefappið okkar. Þetta gerir okkur kleift að einstaklingssníða efnið fyrir þig.

Sumar þessara eru viðvarandi vafrakökur sem nota má ef þú skráir þig inn á lokuð svæði til að muna hver þú ert. Aðrar eru setuvafrakökur sem nota má fyrir nafnlausu auðkenningu á heimsókn á vefsíðu í tæknilegum tilgangi eingöngu. Setuvafrakökur eru aðeins geymdar tímabundið á meðan á vafrasetu stendur og þeim er eytt um leið og vafranum er lokað.

Hvernig við notum þessa tækni

Við notum vafrakökur og álíka tækni í eftirfarandi tilgangi:

- Þegar þörf krefur, til að skrá þig inn í þá þjónustu sem við veitum, gera okkur kleift að birta reikningsgögn þín, muna stillingar þínar og eftirlæti, til dæmis val þitt á tungumáli og svæði, og til að hjálpa okkur að einstaklingssníða upplifun þína og halda gögnum þínum og þeirri þjónustu sem við veitum öruggri og tryggri.
- Til að safna nafnlausum talnagögnum um hvernig gestir nota þjónustu okkar þannig að við getum gert úrbætur á nothæfi hennar og auka verðmæti innihalds hennar.

Val þitt

- Þrátt fyrir að flestir vafrar séu settir upp þannig að þeir samþykki vafrakökur sjálfkrafa, er hægt að hafna vafrakökum og tækjakökum með því að virkja viðeigandi stillingar á vafra þínum eða tæki. Vinsamlegast athugaðu að ef þú velur að leyfa ekki vafrakökur virka sumir eiginleikar þjónustu okkar mögulega ekki sem skyldi eða geta verið óaðgengilegir.
- Viljir þú koma í veg fyrir að gögn þín séu notuð af Google Analytics getur þú sett upp [vafraviðbót Google fyrir úrsögn](#).
- Þú getur notað sjálfseftirlitsáætlanir sem tiltækar eru innan lögsögu þinnar til að stjórna hvernig fyrirtæki önnur en Google auglýsa fyrir þér, eins og [Val þitt á netinu](#) innan ESB.

Ekki vakta

Ascensia safnar ekki persónuupplýsingum um hegðun þína á netinu yfir tíma og á milli vefsvæða þriðju aðila eða þjónustu á netinu. Við leyfum þriðju aðilum heldur ekki að safna persónuupplýsingum um hegðun þína á netinu yfir tíma og á milli annarra vefsvæða eða þjónustu á netinu þegar þú notar Contour Diabetes app. Við bregðumst ekki við „Ekki vakta“ merkjum frá vafra.

Gagnageymsla

Íbúar á evrópska efnahagssvæðinu (EES) eða Sviss: Ascensia mun áfram geyma persónuupplýsingar þínar á meðan þú ert með virkan Contour Cloud reikning. Hlutinn „Eyðing á Contour Cloud reikningi“ hér að neðan útlistar hvernig þú getur eytt Contour Cloud reikningi þínum og hvað verður um persónuupplýsingar þínar þegar reikningi þínum hefur verið eytt.

Eyðing á Contour Cloud reikningi

Viljir þú eyða Contour Cloud reikningi þínum getur þú gert það með því að nota valmöguleikann „Eyða reikningi“ í Contour appinu eða hafa samband við okkur. Til að fá samband við þjónustuver, vinsamlegast farðu á <http://contact.ascensia.com> Vinsamlegast athugaðu að ef þú eyðir reikningi þínum varðveitum við uppsafnaðar og nafnlausar upplýsingar og við þurfum mögulega að varðveita ákveðnar persónuupplýsingar samkvæmt lögum. Þegar lög kveða á annan hátt ekki um að við varðveitum gögn, munum við varðveita landfræðilega staðsetningu í níu mánuði frá gagnaöfluninni. Við varðveitum öll önnur gögn á Contour Cloud reikningi þínum í tvö ár frá því að þeim var hlaðið upp til að gera þér kleift að sækja og flytja slík gögn út, ef þörf krefur, í tengslum við váttryggingakröfu. Við varðveitum einnig nafnlausar/dulnefndar greiningarupplýsingar í fimm ár eftir dagsetningu nafnleyndar/dulnefningar í þeim tilgangi sem lýst er í hlutanum „Ástæður fyrir úrvinnslu á persónuupplýsingum þínum“ að ofan.

Þegar Contour Cloud reikningi þínum og öllum tengdum persónuupplýsingum hefur verið eytt, hefur þú ekki lengur aðgang að reikningnum og eyðing reikningsins gæti verið óafturkræf. Því getur þú mögulega ekki endurvirkjað Contour Cloud reikning þinn eða endurheimt neinar persónuupplýsingar, þar á meðal heilsutengdar upplýsingar. Þú

vilt mögulega sækja og vista allar nauðsynlegar upplýsingar áður en þú eyðir reikningi þínum eða biður okkur um að eyða reikningnum.

Hafir þú kosið að deila Contour Cloud reikningsupplýsingum með þriðja aðila, eins og heilbrigðisþjónustu þinni eða öðrum einstaklingi, og þú eyðir reikningnum, geta þessir einstaklingar ekki lengur séð upplýsingar á reikningnum þínum, þar á meðal upplýsingar um blóðsykursmælingar þínar.

Ascensia áskilur sé rétt til að eyða Contour Cloud reikningum sem hafa verið óvirkir í langan tíma. Þegar Contour Cloud reikningur hefur verið óvirkur munum við tilkynna þér það fyrir fram þannig að þú hafir tækifæri til að tryggja að reikningurinn verði áfram til staðar og tiltækur til notkunar fyrir þig.

Að neyta réttar þíns

Þúfir þú að uppfæra upplýsingar þínar getur þú gert það í gegnum Contour appið. Ef þú færð ekki aðgang að þeim upplýsingum af einhverjum ástæðum, getur þú tilkynnt Ascensia um allar breytingar á (eða villur í) upplýsingum þínum og við munum uppfæra þær fyrir þig, með því að senda skriflega beiðni um breytingar með neðangreindum samskiptaupplýsingum.

Íbúar á evrópska efnahagssvæðinu (EES) eða Sviss: Þú gætir átt rétt á: (a) aðgangi að þeim persónuupplýsingum sem við höfum um þig, (b) að biðja um að við leiðréttum allar rangar persónuupplýsingar sem við höfum um þig, (c) að biðja um að við eyðum öllum persónuupplýsingum sem við höfum um þig, (d) að takmarka úrvinnslu á persónuupplýsingum sem við höfum um þig, (e) að mótmæla úrvinnslu á persónuupplýsingum sem við höfum um þig og/eða (f) að fá allar persónuupplýsingar sem við höfum um þig á skipulögðu og algengu stafrænu sniði eða láta senda slíkar persónuupplýsingar til annars fyrirtækis.

Íbúar Alþýðulýðveldisins Kína, Taívan, Hong Kong, Indónesíu, Suður-Kóreu og Malasíu: Þú gætir átt rétt á: (a) aðgangi að þeim persónuupplýsingum við höfum um þig, (b) að biðja um að við leiðréttum allar rangar persónuupplýsingar sem við höfum um þig, (c) að biðja um að við eyðum öllum persónuupplýsingum sem við höfum um þig, og/eða (d) að takmarka úrvinnslu á persónuupplýsingum sem við höfum um þig.

Við gætum beðið um frekari upplýsingar til að staðfesta hver þú ert og af öryggisástæðum, áður en við afhendum þær upplýsingar sem þú hefur beðið um.

Þegar þú hefur verið beðin(n) um samþykki fyrir úrvinnslu á persónuupplýsingum þínum munum við gefa þér tækifæri til að draga samþykki þitt til baka. Þú getur dregið samþykki til baka, eins og með því að hafa samband við okkur með neðangreindum samskiptaupplýsingum. Í hverju tilviki fyrir sig færðu upplýsingar um hvernig eigi að draga samþykki til baka. Ef samþykki er dregið til baka hefur það ekki áhrif á lögmæti úrvinnslu á grundvelli samþykkis þíns áður en það var dregið til baka. Vinsamlegast athugaðu einnig að þegar þú dregur samþykki til baka munum við aðeins hætta úrvinnslu á persónuupplýsingum þínum sem tengjast afturköllun á samþykki þínu.

Viljir þú neyta réttar þíns í tengslum við persónuupplýsingar, vinsamlegast hafðu samband við Ascensia með tölvupósti á privacy@ascensia.com eða með pósti til Ascensia Diabetes Care Holdings AG, Peter Merian-Strasse 90, 4052 Basel, Sviss. Við munum meðhöndla allar beiðnir samkvæmt öllum staðbundnum lögum og stefnum og verkferlum okkar. Ef þú ert innan EES hefur þú rétt á að leggja fram kvörtun á því hvernig við vinnum úr persónuupplýsingum þínum hjá eftirlitsstofnun í þínu landi.

Íbúar á evrópska efnahagssvæðinu (EES), Bretlandi eða Sviss:

Þú gætir átt rétt á: (a) aðgangi að þeim persónuupplýsingum sem við höfum um þig, (b) að biðja um að við leiðréttum allar rangar persónuupplýsingar sem við höfum um þig, (c) að biðja um að við eyðum öllum persónuupplýsingum sem við höfum um þig, (d) að takmarka úrvinnslu á persónuupplýsingum sem við höfum um þig, (e) að mótmæla úrvinnslu á persónuupplýsingum sem við höfum um þig og/eða (f) að fá allar persónuupplýsingar sem við höfum um þig á skipulögðu og algengu stafrænu sniði eða láta senda slíkar persónuupplýsingar til annars fyrirtækis.

Íbúar Alþýðulýðveldisins Kína, Taívan, Hong Kong, Indónesíu, Suður-Kóreu og Malasíu:

Þú gætir átt rétt á: (a) aðgangi að þeim persónuupplýsingum við höfum um þig, (b) að biðja um að við leiðrétum allar rangar persónuupplýsingar sem við höfum um þig, (c) að biðja um að við eyðum öllum persónuupplýsingum sem við höfum um þig, og/eða (d) að takmarka úrvinnslu á persónuupplýsingum sem við höfum um þig.

Íbúar í Kaliforníu:

Ef þú hefur búsetu í Kaliforníu, með ákveðnum lagalegum undantekningum og takmörkunum, getur þú neytt eftirfarandi réttar þíns í gegnum vefeyðublað okkar sem finna má á [vefsíðu](#) okkar eða með því að hringja í (800) 348-8100. Ef þú ert að senda beiðni í gegnum vefeyðublað okkar, vinsamlegast tilgreindu hvaða rétti beiðni þín tengist í hlutanum „Skilaboð“.

Þú gætir þurft að staðfesta hver þú ert þegar þú hefur samband við okkur með beiðni um að fá að vita um eða eyða persónuupplýsingum þínum. Við verðum að staðfesta hver þú ert til að tryggja að þú sért sá einstaklingur sem við höfum aflað persónuupplýsinga um eða einstaklingur sem hefur heimild til að leggja fram beiðni fyrir hönd slíks einstaklings. Ef þú þarft að staðfesta hver þú ert biðjum við þig mögulega um sönnun sem passar við upplýsingar sem Ascensia hefur, eins og að staðfesta nafn, netfang, póstfang, símanúmer og/eða kreditkortaupplýsingar, ef þær er að finna í gögnum okkar.

Þú getur notast við þar til bærán fulltrúa til að neyta réttar þíns fyrir þína hönd. Þú verður að veita þar til bærum fulltrúa þínum skriflegt leyfi til að neyta réttar þíns fyrir þína hönd og við verðum að geta staðfest hver þú ert eins og lýst er að ofan. Ef þú ert þar til bær fulltrúi verður þá að hafa samband við okkur í (800) 348-8100.

Réttur til að vita. Þú hefur rétt á að biðja um upplýsingar um þá flokka og þær tilteknu persónuupplýsingar sem við höfum aflað um þig, uppruna persónuupplýsinganna, tilgang öflunar persónuupplýsinganna, flokka þriðju aðila sem við höfum deilt persónuupplýsingunum með og í hvaða tilgangi þeim var deilt. Þú getur þá að flytja upplýsingar þínar úr Contour appinu getur þú gert það í gegnum appið undir hlutanum „Mín umönnun“. Viljir þú biðja um frekari upplýsingar, vinsamlegast hafðu samband við okkur eins og lýst er að ofan.

Réttur til að eyða. Þú hefur rétt á að biðja okkur um að eyða persónuupplýsingum þínum.

Segja sig úr sölu. Við seljum persónuupplýsingar þínar ekki til þriðju aðila.

Við munum ekki mismuna þér á neinn hátt sem gengur gegn gildandi lögum fyrir að neyta þessa réttar.

Foreldrar/forráðamenn: Ef þú ert foreldri eða forráðamaður barns sem notar þjónustu okkar, vinsamlegast sjáðu hlutann „Börn“ hér að neðan til að skilja og neyta réttar þíns.

Börn

Við munum ekki safna eða nota persónuupplýsingar neins sem við vitum að er undir lögaldri án fyrirbyggjandi staðfests, sannanlegs samþykkis foreldris/forráðamanns viðkomandi. Við beitum eðlilegyn tæknilegyn öryggisráðstöfunum til að koma í veg fyrir að börn skrái sig til notkunar í Contour appinu þar sem persónuupplýsinga kann að vera aflað. Við söfnum aðeins þeim upplýsingum frá börnum sem eru nauðsynlegar til að nota Contour appið og til að stofna og nota Contour Cloud reikning. Þegar fæðingardagur notanda við skráningu gefur til kynna að hann sé undir lögaldri munum við biðja um netfang foreldris/forráðamanns. Foreldri/forráðamaður fær tölvupóst þar sem beðið er um að viðkomandi fari á vefsíðu til að samþykka stofnun á Contour Cloud reikningi og smelli til að samþykka þessa persónuverndarstefnu. Aðeins er hægt að skrá Contour Cloud reikning eftir að foreldri/forráðamaður hefur gert þetta. Foreldri/forráðamaður hefur rétt, samkvæmt beiðni, til að sjá upplýsingarnar sem barn viðkomandi hefur veitt og/eða til að krefjast að þeim verði eytt. Ef þú ert foreldri/forráðamaður og hefur einhverjar áhyggjur af persónuupplýsingum barns þíns í tengslum við Contour appið, vinsamlegast hafðu samband við Ascensia með tölvupósti á privacy@ascensia.com eða með pósti til Ascensia Diabetes Care Holdings AG, Peter Merian-Strasse 90, 4052 Basel, Sviss.

Ef þú ert staðsett(ur) í Bandaríkjunum og hefur spurningar um Ascensia og lög um verndun friðhelgi barna á netinu, getur þú einnig haft samband beint við dótturfyrirtæki okkar í Bandaríkjunum hjá Ascensia Diabetes Care US Inc., 5 Wood Hollow Rd, Parsippany, NJ 07054 Bandaríkjunum eða í síma +1 (862) 225-2902. Vinsamlegast athugaðu að ef þú hefur samband við dótturfyrirtæki okkar í Bandaríkjunum munum við halda sérstök gögn um þau samskipti.

Breytingar á þessari persónuverndarstefnu

Allar breytingar á þessari persónuverndarstefnu í framtíðinni verða birtar á þessari síðu og, eftir okkar geðþótta, sendar þér með tölvupósti eða með tilkynningu í Contour appinu.

Hafðu samband

Við fögnum öllum spurningum, athugasemdum og beiðnum er lúta að þessari persónuverndarstefnu og þær skulu stílaðar á gagnaverndarfulltrúa á privacy@ascensia.com eða á Ascensia Diabetes Care Holdings AG, Peter Merian-Strasse 90, 4052 Basel, Sviss. Hafir þú samband við okkur munum við kappkosta að bregðast við öllum áhyggjum sem þú gætir haft varðandi úrvinnslu okkar á persónuupplýsingum þínum.